



INNSETNINGARRÆÐA
GUÐNA TH. JÓHANNESSONAR
Í
EMBÆTTI FORSETA ÍSLANDS

1. ágúst 2016

Góðir Íslendingar.

Á þessari stundu er mér efst í huga þakklæti fyrir það traust sem mér hefur verið sýnt, að taka við embætti forseta Íslands. Það geri ég með auðmýkt í hjarta, veit að ég á margt ólært, veit að mér getur orðið á. Ég þakka jafnframt góðir óskir sem okkur hjónum og börnum hafa borist hvaðanæva. Ég mun og vil þiggja ráð og leiðsögn frá ykkur öllum, fólkinu í landinu. Þá vænti ég góðs af samstarfi við alþingismenn, ráðherra, embættismenn og aðra í þessum sal. Ég nefni sérstaklega forvera mína sem sitja hér, Vigdís Finnbogadóttur og Ólaf Ragnar Grímsson. Margt má líka læra af sögu hinna sem gegnt hafa embætti forseta Íslands, þeirra Sveins Björnssonar, Ásgeirs Ásgeirssonar og Kristjáns Eldjárns.

Forsetinn ræður sjaldnast úrslitum einn síns liðs. Ég tel sömuleiðis að hann eigi að öllu jöfnu að standa utan sviðs stjórnmalanna, óháður flokkum eða fylkingum. Í þessu embætti mun ég samt vekja máls á því sem mér býr í brjósti, benda á það sem vel er gert og það sem betur mætti fara. Við búum í gjöfulu landi og góðu. Við höfum skapað friðsælt velferðarsamfélag. Þar njótum við framtaks og starfa fyrri kynslóða. Ég leyfi mér að nefna hér eigin þakkarskuld við móður mína og föður heitinn.

Vissulega getum við alltaf gert betur á öllum sviðum. Hag margra þarf að bæta, fólk á Íslandi á ekki að þurfa að líða sáran skort. Góða heilbrigðisþjónustu má gera enn betri og tryggja ber að landsmenn njóti hennar jafnt, óháð búsetu eða efnahag. Enn er verk að vinna í baráttu fyrir jafnrétti kynjanna og mér stendur nærri að nefna menntakerfið, grundvallarþátt í lífi einstaklinga, fjölskyldna og þjóðar. Innan þess eiga allir að geta fundið sér farveg og nám við hæfi, án þess að fjárhagur hamli för.

Þá þurfum við að hlúa að æsku landsins og hjálpa þeim sem eru hjálpar þurfi í okkar samfélagi. Öllum er holl trúin á sig sjálfan en munum samt hendingar Spilverks þjóðanna, að stofni til frá Þorsteini Valdimarssyni, skáldi og kennara:

Guð hjálpar þeim sem hjálpa sér sjálfir
ein lítil býfluga afsannar það:
Guð hjálpar þeim sem hjálpast að.

Hér hef ég aðeins tæpt á ýmsum samfélagsmálum. Ég mun víkja að þeim oftast á forsetastóli en veit að stjórnmalamennirnir bera þau einnig fyrir brjósti. Þeirra er ábyrgðin og þeir setja lögin. Þau breytast í tímans rás. Það á líka við um stjórnarskrá okkar, grunnsáttmála samfélagsins. Geti þingið ekki svarað ákalli margra landsmanna og yfirlýstum vilja stjórnmalaflokka um endurbætur eða endurskoðun er úr vöndu að ráða. Í þessum efnum minni ég á gildi áfangasigra og málamiðlana.

Hvarvetna blasa við áskoranir. Náttúra Íslands er viðkvæm, við viljum bæði vernda hana og nýta á ábyrgan og sjálfbæran hátt. Þetta getur reynst vandasamt en skilum landinu til næstu kynslóða þannig að þær fái notið gæða þess og gagna eins vel og við. Það er sá strengur sem skiptir mestu máli. Hugum líka að loftslagsmálum, það munu afkomendur okkar örugglega kunna að meta. Við hæfi er að geta hér frumkvæðis Vigdísar Finnbogadóttur á sviði landgræðslu og umhverfisverndar og atbeina Ólafs Ragnars Grímssonar í málefnum norðurslóða og endurnýjanlegrar orku.

Tungu okkur þurfum við jafnframt að varðveita og virða, tryggja að hún verði gjaldgeng á rafrænum vettvangi, boðleið nýrra tíma. En við megum ekki einangrast, við verðum að geta tjáð okkur á erlendum málum. Sagt hefur verið að sú öld, sem við nú lifum, sé og verði öld alþjóðavæðingar og síaukinna samskipta. Heimurinn breytist, samtíminn sýnist

vera á fleygiferð. Gamlir siðir hverfa, nýir taka við. Ekki eru mörg ár síðan nær allir íbúar þessa lands lifðu á landbúnaði og útvegi, voru í þjóðkirkjunni og öðrum kristnum trúfélögum, hvítir á hörund, áttu íslensku að móðurmáli og báru auðsýnilega íslenskt nafn. Út á við virtumst við öll vera steipt í sama mót, einsleit þjóð.

Sagan var líka einsleit. Gjarnan var hún sögð þannig að hér hefðu norrænir höfðingjar numið land og byggt blómlegt samfélag á söguöld. „Þá riðu hetjur um héröð,“ kvað hinn rómantíski Jónas Hallgrímsson í ljóðinu „Ísland“ sem birtist í fyrsta hefti Fjölnis árið 1835. Eftir gullöld Íslendinga syrti hins vegar í álinn, sagði sagan. Þjóðveldið glataðist og við tóku myrkar miðaldir, í það minnsta í sögubókum og sjálfsmynd nýliðinna alda, „feðranna frægð fallin í gleysku og dá,“ eins og listaskáldið orti áfram. En síðan birti til. Sjálfstæðisbaráttan hófst, áfangar náðust. Endurreisn Alþingis, heimastjórn, fullveldi, lýðveldi, sigrar í landhelgisdeilum. Þetta eru þekktar stíklur í fortíð okkar.

Við skulum kunna þær áfram, og ljóðin sömuleiðis. Sjálfum finnst mér „Ísland“, kvæði Jónasar, eitt það fallegasta sem ort hefur verið á íslenskri tungu. Minnumst þess samt hve saga okkar er margslungin. Gleymum ekki fjölmenningu landnámsaldar og þeim nánu tengslum við útlönd sem lögðu grunn að afrekum á sviði bókmennta og verklegum framförum síðar meir. Segjum söguna í allri sinni dýrð og öllum sínum harmi, og með því lagi sem við kjósum á tuttugustu og fyrstu öldinni. Í fimm ára gömlu ljóði Gerðar Kristnýjar skáldkonu segir svo af Jóni forseta:

Það bærisk ekki hár
á höfði Jóns
þar sem hann trónir
staffírugur á stöplinum
og hvesir augun
út á Tjörnina.

Á hverju vori
gætir hann þess
að ungarnir komist upp
híkar ekki við
að stökkva niður
og stugga við
mávinum.

Hér er gömul saga sögð á nýjan hátt. Þannig verður liðin tíð litrík og fersk. Á sama hátt virðumst við Íslendingar ekki jafn einsleitir og áður fyrr. Við játum ólík trúarbrögð, stöndum sum utan trúfélaga, við erum ólík á hörund, við getum heitið erlendum eiginnöfnum, þúsundir íbúa þessa lands eiga sér erlendan uppruna og tala litla eða enga íslensku en láta samt gott af sér leiða hér. Við lifum tíma fjölbreytni og megi þeir halda áfram þannig að hver og einn geti rækt sín sérkenni, látið eigin drauma rætast en fundið skjól og styrk í samfélagi manna og réttarríki hér á landi.

Eitt gildir þó um allar þjóðir, þá íslensku sem aðrar: Það sem sameinar þær verður að vega þyngra en það sem sundrar. Og hér hefur þjóðhöfðinginn hlutverki að gegna. Forseta ber að stuðla að einingu frekar, bera virðingu fyrir skoðunum annarra, varast að setja sig á háan hest. Ekki er þar með sagt að ég megi ekkert mæla á forsetastóli nema það sem full samstaða er um, enda gæti ég þá í raun fátt sagt. Ólík sjónarmið verða að heyrast. Málefnalegur ágreiningur er til vitnis um þroskað og siðað samfélag.

Ég vona einmitt að við stöndumst það próf þegar við kjósum nýtt þing í haust. Í kosningum er tekist á um ólíkar stefnur og markmið en að þeim loknum verða þingmenn að vinna saman, finna lausnir, sýna sanngirni og beita þeim aðferðum sem auka virðingu þeirra sjálfra og hinnar aldagömlu stofnunar, Alþingis.

Góðir Íslendingar. Við þurfum ekki að vera tortryggin eða óttaslegin um hag okkar á nýrri öld; hún er vonbjört og full af fyrirheitum. Vissulega geta ógnir leynst víða, það sanna dæmin því miður. Vissulega er gott að vera á varðbergi og hart þarf að mæta hörðu þegar nauðsyn krefur. En trú á hið góða verðum við að varðveita:

Fegurð og góðvild
þetta tvennt og eitt
hvað er umkomulausara
í rangsnúnum heimi

Og þó mest af öllu
og mun lifa allt.

Þannig orti Snorri Hjartarson um miðja síðustu öld. Hann uggði um hag Íslendinga og mannkynsins alls, en leyfði sér samt að vona. Bjartsýnn og vonandi raunsær tek ég nú við hinu ábyrgðarmikla embætti, og það á við um okkur hjónin bæði. Þegar Sveinn Björnsson tók við kjöri á Þingvöllum 17. júní 1944, fyrstur forseta, sagði hann starf sitt framur öllu felast í þjónustu við heill og hag íslenskrar þjóðar. Þau orð eru enn í fullu gildi. Ég mun leitast við að læra, þroskast og þjóna allri þjóðinni.

Kæru landar. Ég endurtek að lokum þá ósk mína að við stöndum saman um fjölbreytni og frelsi, sam hjálpi og jafnrétti, virðingu fyrir lögum og rétti. Stöndum saman um þessi grunn gildi góðs samfélags, vongóð og full sjálfstrausts. Megi sú verða gæfa okkar um alla framtíð.